



HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 1. mars 2022.

Yfirlýsing vegna samningaviðræðna um rekstur hjúkrunarheimila

Heilbrigðisráðuneytið lýsir yfir vilja til að beita sér fyrir eftirfarandi aðgerðum í kjölfar undirritunar samninga við rekstraraðila hjúkrunarheimila. Óskað verður eftir að fulltrúar frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) og Sambandi íslenskra sveitarfélaga taki þátt í vinnu þeirra vinnuhópa sem stofnaðir verða. Verkefni hópanna verði vel afmörkuð og skilgreind.

Í ljósi þess að sú vinna sem er fram undan er viðamikil og tímafrek, leggur heilbrigðisráðuneytið áherslu á að samið verði til þriggja ára þannig að hægt verði að fylgja eftir niðurstöðum vinnunnar áður en samningaviðræður hefjast að nýju.

Mun ráðuneytið beita sér fyrir eftirfarandi:

1. Setja á fót vinnuhóp um endurskoðun á mats- og greiðslukerfi til hjúkrunarheimila.

Hópurinn mun skoða hvort gera eigi breytingar á núverandi mats- og greiðslukerfi sem mælir hjúkrunarþyngd og liggur til grundvallar greiðslum. Þar sem þjónustuþörf íbúa hjúkrunarheimila hefur breyst á síðustu 10 árum með skemmri dvöl íbúa, þarf að aðlaga kerfið m.t.t. núverandi samsetningar íbúa og að greiðslur séu samræmi við raunverulega þjónustu hverju sinni en ekki meðaltal aftur í tímann. Hér þarf jafnframt að skoða hvort tengja eigi greiðslur við gæðavísa í stað hjúkrunarþyngdar og leggja mat á nálgun á hvernig hægt er að mæta breyttum kröfum um gæði og þjónustu, m.a. m.t.t. samsetningar á starfsfólki hjúkrunarheimila.

Hópurinn vinni tímaáætlun og forgangsraði verkefnum sínum fyrir 1. júní 2022.

Áfangaskýrslu verði skilað fyrir 1. desember 2022.

Lokafrestur til að skila niðurstöðu vinnuhóps: 15. maí 2023.

2. Vinnuhópur um fyrirkomulag húsnæðismála hjúkrunarheimila.

Húsnæðismál heyra undir fjármálaráðuneytið. Heilbrigðisráðuneytið mun beita sér fyrir því að settur verði á fót vinnuhópur undir stjórn FJR um fyrirkomulag húsnæðismála hjúkrunarheimila í samvinnu við HRN, SFV og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

HRN mun leggja til að hópurinn vinni tímaáætlun og forgangsraði verkefnum sínum fyrir 1. nóvember 2022, skili áfangaskýrslu fyrir 1. júní 2023 og hafi lokið störfum eigi síðar en 1. desember 2023.

3. Útlagasjóður.

Heilbrigðisráðuneytið lýsir yfir vilja til að beita sér fyrir stækkun útlagasjóðs á árinu 2023 um 30 m.kr.

4. Úrræði fyrir yngri einstaklinga.

Þegar er í gangi er vinna þvert á ráðuneyti varðandi þjónustu við þennan hóp. Stefnumörkun gengur út á að tekið verði mið af því að ungir fatlaðir einstaklingar fái þjónustu við hæfi utan stofnana.

5. Úrræði fyrir geð- og fíknisjúklinga sem eru komnir í þörf fyrir dvöl á hjúkrunarheimili.

Heilbrigðisráðuneytið vinnur að því að finna húsnæði sem hentar til reksturs hjúkrunarrýma fyrir þennan hóp og er í samstarfi við Reykjavíkurborg þess efnis.



Willum Þór Þórsson
heilbrigðisráðherra